

36. gr.

Ríkissjóður greiðir alla kennslu í sérskólum og sérdeildum ríkisins í samræmi við áætlun sem menntamálaráðuneytið samþykkir svo og önnur störf s.s. ráðgjafa, annarra sérfræðinga og annarra starfsmanna samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins, enda sé fjárheimild fyrir hendi.

37. gr.

Skólastjórar sérskóla ríkisins skulu gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, sbr. 34. gr., fjölda námshópa, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað ríkissjóðs. Áætlunina skal miða við komandi skólaár og senda fræðslustjóra fyrir 15. apríl ár hvert eða annan þann dag sem menntamálaráðuneytið ákveður.

Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

IX. KAFLI

Fjármál.

38. gr.

Launagreiðslur við sérkennslu innan almenns grunnskóla greiðist úr ríkissjóði. Annar rekstrarkostnaður greiðist í samræmi við grunnskólalög og reglugerð um rekstrarkostnað grunnskóla eftir því sem við á.

Allur stofn- og rekstrarkostnaður sérskóla og sérdeilda ríkisins sbr. 29. gr., greiðist úr ríkissjóði þ.m.t. vistun nemenda að því leyti sem bætur almannatrygginga hrökkva ekki til.

X. KAFLI

Gildistaka.

39. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 54. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. mars 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Sólrún Jensdóttir.

Nr. 107

18. mars 1992

REGLUGERÐ**um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264/1971.**

Í grein 1.4.2.3. (1) fellur burtu setningin „Umsækjandi skal vera íslenskur lögaðili“.

Reglugerð þessi um breytingu á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 frá 31. desember 1971 er sett samkvæmt lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60 frá 31. maí 1979. Hún tekur þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 18. mars 1992.

F. h. r.

Björn Friðfinnsson.

Helga Jóna Benediksdóttir.